

GRUNNMYND 3. HÆÐ

BRUNAVARNIR

Brunasamstæður, brunahólf og klæðningar:fyrsti áfangi 3. hæð

Byggingin, Ægisgata 2 , Vestmannaeyjum, sem er ein brunasamstæða á fjórum hæðum, er skipt upp nokkur brunahólf á hverri hæð. Í húsinu eru tvö stigahús sem eru sérstök brunahólf, það vestara er með lyftu sem nær milli allra hæða með sérstakri brunastúku á jarðhæð og gengið beint út á svalir á fjórðu hæð, en það eystra nær til fyrstu þriggja hæðanna.

Almennt

Greinargerð þessi gerir grein fyrir þriðju hæðinni, Ægisgata 2 , Vestmannaeyjum, sem er skrifstofurými í notkunarflokki 1.

Burðarvirki

Burðarvirki byggingarinnar veggir, súlur og bitar er járnbent steinsteypa og hefur að minnsta kosta R90 brunaþol sbr. 9.9.3 gr.byggingareglugerðar [1] , eins og gólfplötur og stigar.

Brunahólfun

Á þriðju hæðinni, er í fyrsta áfanga Fab-Lab- verkstæði og skrifstofur og síðar önnur starfsemi Þróunarseturs Vestmannaeyja skipt í tvö brunahólf auk brunahólfa í sitt hvoru stigahúsi og skjalageymslu, loftræstiherbergi, tölvuherbergi og tæknirýmis, , ekkert þeirra er stærra en 500 m2 og almennt aðskilin með a.m.k. EI 60 veggjum og $EI_2$30-CS$_m$ hurðum. Þó eru loftræstiherbergi og skjalageymsla aðskilin með með $EI_2$60-CS$_m$ hurðum.

Yfirborðsefni

Allir efnismeiri byggingarhlutar eru úr A-efnum (A2-sl,d0) samkv. ÍST EN 13501.

Allar klæðningar utanhús eru klæðningar í flokki 1 (K10 B-sl,d0) samkvæmt gr 9.7.3 í byggingareglugerð [1] .

Allar vegg- og loftaklæðningar innanhús skulu vera klæðningar í flokki 1 ($K_2$10 B-sl,d0) og loftakerfi og niðurhengt loft skulu vera úr efnum sem uppfylla kröfur u-m B-s1,d0 samkvæmt gr. 9.6.8 ákvæðum byggingarreglugerðar [1] . Gólfefni skulu vera í flokki Dfl-s1 samkvæmt ákvæðum gr. 9.6.9 sömu reglugerð

Flóttaleiðir

Frá skrifstofuhæðum byggingarinnar,annarri og þriðja hæð, eru flóttaleiðir í sitt hvora áttina um tvö stigahús, annað að vestan og hitt að austan og frá þeim er gengið beint út. Frá skrifstofu hæð á 3.hæð eru flóttaleiðir um stigahúsin sem opnast inn í sitt hvort brunahólfið, þannig að ekki er hætta á að bæði stigahúsin teppist í einu. Frá Fab-Lab verkstæði og skrifstofunum, eru ætið tvennar flóttaleiðir í sitt hvora áttina og innan við 45 m. Allir veggir meðfram flóttaleiðum eru a.m.k. EI60 og hurðir í flóttaleiðum, sem skal vera hægt að opna án þess að notaður er lykill, a.m.k. 900 mm breiðar. Þá er ennfremur flóttaleið út á svalir sunnan á byggingunni.

Settar verða upp yfirlitsmyndir sem sýna fljótaleiðir ásamt helstu viðbrögðum vegna eldsvoða á völdum stöðum í byggingunni.

Hurðabúnaður

Séu hurðir í flóttaleið læsanlegar skal vera hægt að opna þær með einu handtaki, neyðarhún skv. ÍST EN 179.

Hurðir sem loka brunahólfum, EI30-CS eða EI60-CS og óskað er eftir að standi opnar, skulu haldið opnum með hurðaseglum sem tengdir er brunaviðvörunarkerfinu.

Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Leiðbeiningu 161.1.BR1og ÍSTEN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmyndum verður við aðalinngang hússins á fyrstu hæð að vestan. Kerfið skal þjónað af aðila sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

ÚT-ljós, neyðarlýsing

Í byggingunni koma ÚT-ljós og neyðarlýsingar samkvæmt leiðbeiningu Mannvirkjastofnunar. Leiðbeiningu 160.BR3, og skv. ÍST EN 1838:1999 og ÍST EN 50172:2004,

Slöngukefli, handslökkvibúnaður og slökkvivatn

Tvö slöngukefli verða á hæðinni, 30 m slöngukefli, við sitt hvort stigahúsið, staðsett þannig að þau nái út í öll horn skv. grunnmynd. Slöngukeflin skulu vera í samræmi við gr,. 9.4.5 byggingarreglugerðar [1] og viðeigandi leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar . Handslökkvitæki skulu vera samæmt leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Miðað skal við að sett verði upp 6 lítra léttvatnstæki verða staðsett við slöngukefli og í samráði við slökkviliðsstjóra.

Reyklosun

Frá stigahúsum verði reyklosun um opnanlegan glugga á á 4. hæð í vesturstigahúsi og á 3. hæð í austurstigahúsi.

Reyklosun skrifstofuhúsnæðis á 3. hæð verði um svalahurð og glugga.

Loftræsikerfi:

Loftræsikerfi hússins verður hannað samkvæmt grein 9.6.14. í byggingarreglugerð [1] þannig að ekki ríyri brunahólfun né stuðli að eld- og reykútbreiðslu á milli brunahólfa.

Reykþéttingar:

Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun til fyrirhugaðrar notkunar

Slökkvivatn

Slökkvivatnsþörf fyrir hæðina er hluti af heildarþörf byggingarinnar samkvæmt sérútreikningi..

Á svæðinu eru þrír brunahanar í um 50-200 fjarlægð. (nr. 2 Bárustíg 1,, 42 FES og nr.53 Ægisgötu 2, Sjá afstöðumynd) Þá er ekki nema yfir götuna og bílastæði við Brattagarð að fara til þess að ná í sjó úr höfninni.

Slökkvilið

Aðkoma slökkviliða er auðveldur að vestan, norðan og austan en yfir bílastæði nágranna að fara að sunnan.

Viðhald brunavarna

Samkvæmt lögum ber húseigandi ábyrgð á brunavörnum í húsi sínu og að þær hljóti reglubundið eftirlit og viðhald. Gert er ráð fyrir að bæta við og endurnýja þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfinu. Einnig er gert er ráð fyrir að bæta við og endurnýja þjónustusamningur um viðhald á neyðarlýsingu, brunaslöngum og handslökkvitækjum.

Setja skal upp eigið eldvarnareftirlitskerfi fyrir bygginguna í samræmi við reglugerð (nr. 200/1994) um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
23. JÚLÍ 2021
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

UNDIRRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR

29. MAÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum

EI90	ELDVARNARVEGGUR
ÚT	ÚTGANGUR
EICS30	ELDVARNARHURÐ
R	REYKSKYNJARI
BO	BJÖRGUNAROP
BS 25m	BRUNASLANGA
ST	SLÖKKVITÆKI
GN	GÓLFNIÐURFALL
LR ->	LOFTRÆASTING
	LOFTSTOKKAR

TILVÍSUN

ÚTG DAGS	SKÝRINGAR	TEIK	HANN	RÝNT	SAMÞ

tpz teiknistofa
Kirkjuvegi 23 900
Vestmannaeyjum
Sími 481-2711
tpz@teiknistofa.is
www.teiknistofa.is

ÚTG. DAGS	HANNAÐ	MÆLIKVARÐI
20.07.21	PZ	1:100 (A1)
YFIRFARIÐ	TEIKNAÐ	1:200 (A3)
BB	PZ	

SAMÞYKKT 120742-3379

ÆGISGATA 2 - ÞEKKINGASETUR
3. HÆÐ 1. ÁFANGI
FYRIRKOMULAG Fab- Lab og SKRIFSTOFURi
GRUNNMYND 3. HÆÐ

VERKFANG 1007-8 TEIKNING 101

S:\verkefni\A-VERK\10\1007-aegisg-2-fiskidjan\1007-8-aegisg-2-3h-setrið\1007-8-AEGISGATA-3H-4.dwg

©Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda